

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2002

19. febrúar 2002

321

Nr. 132

REGLUGERÐ um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 22. febrúar 2002 til og með 30. apríl 2002, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

8. febrúar 2002

Nr. 133

REGLUGERÐ um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum, (bréfastassar).

1. gr.

Grein 80.2 orðast svo:

Bréfastassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfastsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthúsið fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfastar séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þrjúhúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfastassamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur

starfstöð. Bréfarifur skulu vera minnst 25x260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfastassamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfastötsendinga. Lýsing við kassastæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26x100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassastæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfi að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 885/2001 um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrapjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað ártalsins „2002“ í 1. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 5. gr. kemur: 2003.

2. gr.

Í stað 1. mgr. í ákvæðum til skýringar koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Samkeppnispróf verða haldin í desember 2002 fyrir þá sem skrásettir eru á 1. námsár við læknadeild á haustmisseri 2002. Fyrirhugaðar breytingar á námsefni 1. árs koma til framkvæmda eins og áætlað var og verður prófað úr því námsefni í samkeppnisprófum í desember 2002. Auk þess verður þá einnig prófað úr almennri þekkingu, siðfræði og nálgun vandamála eins og áætlað er að gera á inntökuprófi samkvæmt þessum reglum.

Í þessu fyrirkomulagi felst að inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands verður tekið upp í tveimur áföngum. Reglur um val stúdenta til læknisnáms og val stúdenta til náms í sjúkrapjálfunarskor, sem samþykktar voru í háskólaráði 26. mars 1992, verða endurskoðaðar